



Dags.: 28. maí 2025

**Frá:** Ása Valdís Árnadóttir, oddviti  
**Dreifing:** FRÍ-GOGG, sveitarstjórn

---

**Efni:** Fundur með FRÍ-GOGG 28. maí 2025

---

Fundurinn var haldinn í fundarherbergi í stjórnsýsluhúsinu á Borg.

Á fundinn mættu Ása Valdís Árnadóttir oddviti, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sveitarstjóri frá Grímsnes- og Grafningshreppi og Snjólfur Ólafsson og Hanna María Siggeirsdóttir frá FRÍ-GOGG.

Á fundinum var farið yfir eftirfarandi mál.

### 1. Fjármál.

Hér má finna mælaborð sveitarfélaga <https://www.samband.is/maelaborð> þar sem hægt er að sjá lykiltölur sveitarfélaganna. Hér má finna lykiltölur frá 2020 til 2024 en því miður eru ekki komnar lykiltölur fyrir 2025.

Varðandi fasteignaskatt þá er hann fyrir árið 2025 eftirfarandi:

*Fasteignaskattur A, 0,425% (var 0,450 árið 2024) af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og frístundahús, allt með tilheyrandi lóðum.*

*Fasteignaskattur B, 1,32% (var sama 2024) af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.*

*Fasteignaskattur C, 1,60% (var 1,65 árið 2024) af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.*

*Fasteignaskattur hjá sveitarfélögum í Uppsveitum og Flóa:*

|                                       |                 |                |
|---------------------------------------|-----------------|----------------|
| <i>Flóahreppur:</i>                   | <i>A 0,45%</i>  | <i>C 1,60%</i> |
| <i>Hrunamannahreppur:</i>             | <i>A 0,45%</i>  | <i>C 1,32%</i> |
| <i>Bláskógabyggð:</i>                 | <i>A 0,45%</i>  | <i>C 1,50%</i> |
| <i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur:</i>   | <i>A 0,43%</i>  | <i>C 1,65%</i> |
| <i>Grímsnes- og Grafningshreppur:</i> | <i>A 0,425%</i> | <i>C 1,60%</i> |

Sveitarstjórn hækkaði vegstyrkina úr 4 milljónum í 10 milljónir fyrir árið 2025.



## 2. Sorphirða og seyrulosun

Farið var yfir sorphirðu og þar var bent á að á heimasíðu sveitarfélagsins má finna skýrslu um úrgangstölfræði síðustu þriggja ára: <https://www.gogg.is/is/thjonusta/umhverfis-framkvaemda-og-veitumal/sorp-og-endurvinnsla>

Það er þannig að við og fasteignaeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi mega gera betur og þar þarf sveitarfélagið að vera duglegra með fræðslu.

Varðandi seyrhreinun þá hefur orðið sú breyting á að verkefnið hefur verið flutt til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. og er það í stöðugri þróun. Fyrirhugaðar eru breytingar um að fara í seyrhreinun á 5 ára fresti í stað 3 ára og mun það hafa áhrif á gjaldskrána þegar fram í sækir.

## 3. Þróun byggðarinnar í/hjá Borg.

Fulltrúar sveitarfélagsins fóru yfir þau verkefni sem eru í gangi og munu fara nánar yfir þau á aðalfundi FRÍ-GOGG fyrir alla.

Hér má sjá aðeins um verkefnið sem sveitarfélagið fór í: [www.borgisveit.is](http://www.borgisveit.is)

## 4. Aðalfundur FRÍ-GOGG.

Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps munu mæta á aðalfund FRÍ-GOGG.

Félagsheimilið er bókað og verður FRÍ-GOGG að kostnaðarlausu þar sem þessi fundur er í þágu allra frístundahúsafélaga Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Ása Valdís Árnadóttir*